

44. fundur hverfisnefndar lunda- og gerðahverfis haldinn í Heiðarlundi 8a

3. okt. 2011 kl. 20.30

Mættir: Guðjón Ingvi Geirmundsson, Elvar Sævarsson, Gestur Geirsson, Þorberg Þ. Þorbergsson og Svala Björnsdóttir. Snæbjörn Ómar Guðjónsson mætti sem gestur á fundinn.

Svala Björnsdóttir ritaði fundargerð.

1. Nefndarmaður forfallaður

Vegna fjölskylduaðstæðna hefur Gígja Ívarsdóttir óskað eftir að varamaður taki sæti sitt í nefndinni. Gígja hefur einnig óskað eftir því að vera varamaður fyrst um sinn. Fyrsti varamaður; Arnheiður Jóhannsdóttir mun því taka við starfi Gíju sem meðstjórnandi og Gígja verður varamaður.

2. Mælingar á húsalóðum

Mikil umræða skapaðist um mögulegt sig á lóðum við þau hús sem næst liggja fyrirhugaðri Dalsbraut þegar/ef hafist verður handa við lagningu brautarinnar. Nokkrir úr nefndinni hafa gengið í hús og spurt hvort viðkomandi íbúar hafi áhuga á að vera með í að fá óháðan aðila til að mæla lóðir við hús sín. Íbúar almennt áhugasamir í að vera með.

Rætt var um mögulegan kostnað við mælingarnar og gæti hann verið þó nokkur á hvert hús/íbúð. Ákveðið var að kanna hjá bæjaryfirvöldum með mælingar. Ætlar Elvar að ganga í það mál.

3. Umhverfismat vegna Dalsbrautar

Mikil umræða skapaðist um umhverfismat, þar sem við teljum mikla nauðsyn þess að gatan fari í slíkt mat. Mestu áhyggjur okkar eru loftmengun, hljóðmengun, snjálög og slyshætta sérstaklega gagnvart börnum og öldruðum. Gangi bæjaryfirvöld ekki í málið er áhugi hjá nefndinni að hafa samband við Skipulagsstofnun og fara fram á umhverfismat.

4. Umferðarljós við Dalsbraut

Ræddum ókosti við fyrirhuguð umferðarljós. Áhyggjur okkar eru margvíslegar, m.a. þær að þau gætu ruglað gangandi vegfarendur; t.d. eftirfarandi dæmi: Bíll kemur eftir annarri akreininni á 30 km hraða og fengi þá grænt ljós, á móti kemur bíll á 60 km hraða og fær þá væntanlega rautt ljós. Fær hinn þá líka rautt? Gangandi vegfarandi sem kemur að gengur yfir götuna án þess að átta sig á á hvaða forsendum bílarnir stoppa.

Miklar umræður urðu um ljósin. Enginn í nefndinni hefur heyrt um þessa gerð af umferðarljósum og því vitum við ekki hver reynslan af þeim er.

5. Viðtalstími bæjarfulltrúa

Elvar og Gestur fóru í auglýstan viðtalstíma hjá bæjarfulltrúum, Tryggva L-lista og Hermanni S-lista. Þeir gáfu lítið fyrir þann fund.

6. Fundur með Stjórnsýslunefnd.

Stjórnsýslunefnd áætla að halda fund með fulltrúum hverfisnefnda miðvikudaginn 12. október kl. 16:30 í Ráðhúsinu í fundarsalnum á 2. hæð. Mikilvægt að nefndin í heild eða fulltrúar nefndarinnar mæti á fundinn.

Fundi slitið kl. 21.45

Fundargerð ritaði,

Svala Björnsdóttir.